Skóla-akur

Vefrit um skólamál 16. tbl. 9. árg. 26. nóvember 2015

Myndir augnabliksins eru frá heimsókn Ævars vísindamanns í Síðuskóla.

Heilsuvika og Fiske afmæli í Grímseyjarskóla.

Í annari viku nóvember var heilsuvika í skólanum, bóknám var lagt til hliðar og vék fyrir krefjandi hreyfingu s.s. dansi, þol- og styrktarþjálfun, sundi og/eða jóga auk andlegrar næringar í formi frönskunáms fyrir byrjendur og heimspekilegs spjalls. Tveir gestakennarar ættaðir úr eyjunni komu í heimsókn en það voru þær Inga Matthíasdóttir og Lea Gestsdóttir Gayet og vöktu þær mjög mikla lukku bæði hjá nemendum og kennurum Grímseyjarskóla. Inga kennir sund, íþróttir og dans og Lea kennir frönsku og heimspeki.
Kennararnir sáu um að matbúa fyrir börnin hollan og góðan mat í hádeginu svo þau hefðu orku til að gera sitt besta í öllu því sem þau tóku sér fyrir hendur. Einnig voru settar upp upp næringartöflur til að skoða ýmis matvæli og hvers virði þau eru okkur þegar kemur að orku. Aðaláherslan var því lögð á hreysti og mikilvægi þess.
Það er öllum til góða að fá nýtt blóð inn í skólann. Krakkarnir nutu þess að læra eitthvað nýtt og það að fá fleiri raddir skapar öflugri samræðu í skólastarfinu.

Þann 11. nóvember var haldið upp á afmælisdag Daniels Willards Fiske sem kom hingað til lands árið 1879 og sigldi framhjá Grímsey á ferð sinni í kringum landið. Hann var svo heillaður af töffaraskapnum í fólkinu sem hérna bjó að hann gerðist sérstakur velgjörðarmaður þeirra.
Í tilefni af afmælinu er haldin kökuveisla ár hvert á vegum kvenfélagsins og öllum í eyjunni boðið til að minnast afmælisbarnsins. Auk þess hefur skapast hefð fyrir því að grunnskólabörnin séu með einhverja sýningu á þessum degi. Í ár sýndu nemendur dans og sungu á frönsku, einnig sýndu þeir myndbönd sem unnið hefur verið að hörðum höndum undanfarnar vikur. Þar er um að ræða stuttmynd sem gerist í Grímsey og segir frá því að eyjan sé yfirgefin og þar séu nokkrir íbúar sem viðhaldi blekkingarleik til að lokka að ferðamenn og selja þeim sem mest af handverki. Hægt er að skoða þessar stuttmyndir og fræðast meira um verkefnið á heimasíðu Grímseyjarskóla: http://grimseyjarskoli.weebly.com/skoacutelablogg

Eldvarnarfræðsla í Hlíðarskóla.

Í vikunni fengu nemendur fræðslu um eldvarnir frá slökkviliðinu. Um allt land eru slökkvilið að fara í 3. bekk með getraun og fræðslu, það er Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna sem gefur út efni fyrir þennan árgang. Vegna þess hve fáir eru í skólanum var ákveðið að allir nemendur, óháð aldri, fengju þessa fræðslu. Farið var yfir rétt viðbrögð við eldsvoða. Slökkvitæki, eldvarnarteppi, rýmingaráætlanir og mikilvægi þess að vita hvað á að gera ef það kemu upp eldur.
Nemendur í þriðja bekk fengu að gjöf bók um Loga og Glóð, bókamerki, segul til að setja á ísskápin auk vasaljóss.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Jólatónleikar Tónlistarskólans á Akureyri.

Nú fer að líða að jólum og við í Tónlistarskólanum erum heldur betur komin í jólaskap og erum á fullu að undirbúa jólatónleika. Allar deildir skólans halda a.m.k. eina jólatónleika og eru allir hjartanlega velkomnir. Hér er dagskrá jólatónleikanna og eru allir tónleikar í Hömrum.

30.11. Slagverk kl. 18:00
1.12. Blásarasveitir kl. 18:00
2.12. Blásaradeild kl. 17:30
5.12. Jólaball Suzuki deildar kl. 10:00
9.12. Jólahátíð forskólans kl. 17:00
9.12. Strengjasveitir kl. 18:00
14.12. Strengjadeild kl. 17:30
14.12. Ritmíska deildin kl. 20:00
15.12. Píanódeild kl. 18:00
16.12. Gítardeild kl. 18:00
16.12. Söngdeild kl. 19:30

Nemi á Kiðagili.

Um miðjan nóvember kom þýskur nemi á Kiðagil. Hún heitir Meike er 19 ára og kemur frá Berlín. Hún er hér í skiptinemanámi á vegum VMA og er að læra leikskólaliða. Hún ætlar sér síðan að læra leikskólakennarann. Hennar aðal áhugamál er fótbolti. Hún er á Engjarós og aðlagast mjög vel. Þó svo að tungumálið geti verið þröskuldur fyrir okkur sem eldri eru er það oft minna mál fyrir börnin. Meike verður á Kiðagili til 10. desember. Eins og sjá má á myndunum eru börnin alsæl með nemann sinn.

Hárgreiðsla á Tröllaborgum.

Hárgreiðslumeistarar framtíðarinnar að störfum á Tröllaborgum. Hér má sjá nemendur að störfum og alveg greinilegt að þarna eru miklir hæfileikar á ferð.

Furðuverk - hönnunarkeppni.

Fjórar stúlkur úr Giljaskóla þær Auður Lea, Embla Blöndal, Jóhanna Júlía og Líney Lilja, allar úr 9. RK gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Furðuverk 2015. Furðuverk er hönnunarkeppni félagsmiðstöðvanna á Akureyri og er haldin ár hvert og er keppt í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Þemað í ár var náttúra. Sem sigurvegarar þá fara stelpurnar til Reykjavíkur og taka þátt í stóru hönnunarkeppninni STÍLL.

STÍLL 2015 verður haldinn í Hörpu laugardaginn 28. nóvember næstkomandi. STÍLL er árleg hönnunarkeppni milli félagsmiðstöðva af öllu landinu þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun og er þemað eins og fyrr segir náttúra.



Göngugarpar Lundarskóla.

Nýverið var keppni milli árganga um hvaða bekkur gengi hlutfallslega oftast í skólann í eina viku. Sigurvegarar keppninnar í ár og þar af leiðandi göngugarpar Lundarskóla eru nemendur 8.bekkjar.

Leiðrétt frétt úr síðasta tölublaði.

Sagt var frá tilraunaviku á Pálmholti og ekki var farið rétt með hvaðan upplýsingarnar voru en þær komu bæði úr efra og neðra húsi. Ritstjóri biðst afsökunar á þessu.

Hulduheimar - Kot.

Krakkarnir í smíðahópi bjuggu til djús-klaka í hópastarfinu á dögunum. Það reyndi á þolinmæðina og kraftana að opna djúsbrúsann, svo þurfti að smakka blönduna til áður en hellt var í formin og sett í frost. Svo var beðið í heila viku, þar til klakarnir voru borðaðir og þeir brögðuðust ljómandi vel.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 10. desember